

Aðalfundur Fjarskiptahóps SKÝ

Aðalfundur Fjarskiptahóps Ský fór fram í húsaýnum Símans við Ármúla fimmtudaginn 22. mars kl. 17:00.

Dagskrá fundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana
3. Kosningar
4. Önnur mál

Fundargerð:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara fór fram. Var Sæmundur Þorsteinsson kosinn fundarstjóri og Davíð Stefán varamaður hans þar sem ljóst var að Sæmundur myndi ekki ná að klára fundinn. Gunnar A. Ólafsson var kosinn fundarritari.
2. Formaður stjórnar Jón Ingi Einarsson fékk orðið og flutti skýrslu stjórnar. Jón Ingi fór yfir breytingar á stjórn frá fyrri fundi. Farið var yfir helstu atburði sem stjórnin hefur staðið fyrir. Þar bar á góma hádegisfundir sem voru haldnir um: **IP símkerfi og öryggismál, Þróun grunneta á Íslandi til ársins 2020**, í framhaldi af fjarskiptaáætlun ríkisins, þar var reynt að fá mynd á helstu fjarskiptanet landsins og voru kynningar frá ólíkum aðilum bæði fjarskiptafyrirtækja og notenda með góða fyrirlestra. Hádegisfundur: **Kynning á fjarskiptaáætlun ríkisstjórnarinnar**, en þar kynnti Sigurbergur og Þorleifur Jónason fóru yfir helstu efni áætlunarinnar.

Umræður um skýrslu stjórnar voru engar og biðu menn spenntir að eftir næsta lið.

3. **Kosning fór fram** og var fyrri stjórn kosin með lófataki. Engin mótframboð voru borin upp. Stjórnina skipa því sem áður þeir Jón Ingi Einarsson, Theodór Carl Steinsþórsson, Guðmundur Daníelsson, Davíð Stefán Guðmundsson og Gunnar A. Ólafsson.
4. **Önnur mál**
Skorað var á fundarmenn að koma með hugmyndir um næstu erindi og verkefni Fjarskiptahóps SKÝ. Sæmundur bar upp hugmynd um að fjalla vel um málefni Neyðarfjarskipta og öryggisfjarskipta. Í því samhengi var nefndur Magnús Hauksson hjá Mannviti sem sérfræðingur á því sviði. Kom fram að Magnús væri m.a. ráðgjafi Neyðarlínunnar. Þróstur Bryngjólffsson var einnig nefndur í sama samhengi en hann hefur unnið með öryggismál í grunnentum. Voru fundarmenn sammála um að það

væri áhugvert að ræða mál þessu tengt til hlýtar og er því von á að sú hugmynd verði útfærð enn frekar af stjórn félagsins. Einnig var borin um hugmynd um að halda kynningarfund um LTE/4G þar sem hægt væri að fara yfir tæknilega högun þess kerfis, er þess einnig beið með eftirvæntingu að farið verði yfir þau mál.

Önnur mál - Kynningar og fyrirlestrar Jón Ingi Einarsson frá RH net var með erindi um **Neðansjávarkapla til Íslands**. Jón Ingi fór yfir sögu neðansjávarkapla og var skemmtilegt að sjá að ártalið 1849 kom þar við sögu þrátt fyrir að 1866 hafi boltinn farið að rúlla og komið líf á strengina.

Skemmtilega var farið yfir hvernig Ísland var næstum því komið á kortið þegar fyrsti neðansjálvarstrengurinn var lagður milli UK og USA. Úr því var því miður ekki þrátt fyrir einkaleyfi frá danska konungnum um lagnaleyfi. Seyðisfjarðarstrengurinn kom í land 1906 og þá var Ísland komið á kortið.

Skemmst er frá því að segja að Jón Ingi fór á kostum í sínu erindi þó svo að hann hafi farið úr hófi framúr áætlaðum ræðutíma. Þorvarður fyrrum tæknistjóri Símans til margra áratuga var á staðnum og komu upp umræður þar sem hann gat sjálfur sagt frá því hvernig staðið hafði verið að málum og kriddaði það vel erindið.

Næsta erindi kom frá Anil Thapa, verkefnastjóri RHI við „Nordic High Performance Computing for scientific research“. Þar var farið yfir áhugavert gagnaversverkefni sem er hýst á Íslandi af Thor Datacenter. Er þar um að ræða norrænt samstarfsverkefni um gagnaver sem nýverið hefur tekið til stafa á Íslandi. Ljóst er að spennandi verður að fylgjast með því verkefni í framtíðinni.

Fundi var slitið um kl. 19:30 eftir maraþon erindi.

Ritari fundar,
Gunnar A. Ólafsson